

Ólöf Kristín Daníelsdóttir

Frá: Félagsmálaráðuneytið <frn@frn.is>
Sent: miðvikudagur, 9. mars 2022 16:15
Til: Félagsmálaráðuneytið
Efni: Erindi til sveitarfélaga vegna móttöku flóttafólks

Málafni flóttafólks hafa verið áberandi í umræðunni síðustu daga og vikur og hafa sveitarfélög lýst yfir áhuga á að taka á móti flóttafólki, bæði í fjölmiðlum sem og í samtölum við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið.

Gert er ráð fyrir að fjöldi einstaklinga mun koma hingað í leit að skjóli vegna stríðsátaka. Félags- og vinnumarkaðsráðherra hefur skipað sérstakan aðgerðarhóp vegna verkefnisins, þar sem leitað er bæði eftir lausnum vegna neyðarviðbragða í ljósi fjölda umsækjenda um alþjóðlega vernd sem og varanlegri lausn eftir að vernd er veitt.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið hefur verið að þróa samræmda móttöku flóttafólks í samstarfi við fimm sveitarfélög og er unnið að því að festa móttökukerfið í sessi. Að verkefninu koma auk sveitarfélaga, Vinnumálastofnun og Fjölmenningssetur auk þess sem ráðuneytið er með samning við Rauða krossinn um félagslegan stuðning.

Reynsluverkefnið hefur gefið góða raun og er nú unnið að því að styrkja það enn frekar og taka tillit til þeirra ábendinga sem samstarfssveitarfélögin hafa komið með til ráðuneytisins. Nánari upplýsingar um móttöku flóttafólks er að finna á heimasíðu Fjölmenningsseturs.

Nú þegar hefur fjöldi aðila boðið fram húsnæði um allt land í verkefnið og því hefur verið settur upp sérstakur hlekkur á heimasíðu Fjölmenningsseturs þar sem hægt er að skrá húsnæði til leigu og verður þeim upplýsingum miðlað til sveitarfélaganna.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið leitar hér með til ykkar um þátttöku í þessu brýna verkefni. Þátttakan getur verið sniðin að stærð og getu hvers sveitarfélags. Þess er óskað að áhugasöm sveitarfélög hafi samband við ráðuneytið með því að senda póst á netfangið frn@frn.is

Ráðuneytið mun í kjölfarið boða til upplýsingarfundar með áhugasömum sveitarfélögum.



Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið / Ministry of Social Affairs and Labour
Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 8100
www.stjornarradid.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)



Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing